



HÉRAÐSDÓMUR
SUÐURLANDS

D Ó M U R

10. júní 2011

Mál nr. S-521/2010:
Ákærandi: Sýslumaðurinn á Selfossi
(*Ólafur Helgi Kjartansson sýslumaður*)

Ákærðu: Ólafur J Bjarnason
(*Arnar Þór Jónsson hrl.*)
Ása Einarsdóttir
(*Arnar Þór Jónsson hrl.*)

Dómari: Sigurður G. Gíslason héraðsdómari

Ár 2011, föstudaginn 10. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp í máli nr. S-521/2010:

Ákærvaldið

(Ólafur Helgi Kjartansson, lögreglustjóri)

gegn

Ólafi J. Bjarnasyni og Ásu Einarsdóttur

(Arnar Þór Jónsson hrl.)

svofelldur

dómur :

Mál þetta, sem þingfest var þann 9. desember sl., er höfðað með ákæru lögreglustjórans á Selfossi dagsettri 3. nóvember 2010 á hendur Ólafi J. Bjarnasyni, kt. 090447-6379 og Ásu Einarsdóttur, kt. 110650-5589, bæði til heimilis að Reykjavegi 82, Mosfellsbæ,

„fyrir brot á lögum um lax- og silungsveiði

með því að hafa síðdegis sunnudaginn 4. júlí 2010 stundað stangveiði í Tungufljóti í Árnessýslu fyrir landi Bergstaða í Bláskógabyggð, án þess að hafa til þess leyfi, þar sem Tungufljótsdeild Veiðifélags Árnesinga ákvað á aðalfundi sínum þann 12. apríl 2010 að leigja veiðirétt í Tungufljóti til 5 ára og voru því lax- og silungsveiðar á umræddum tíma og stað óheimilar öðrum en leigutaka og þeim er hann hafði ráðstafað veiði til.

Telst brot ákærðu varða við a. lið 1. mgr. 50. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61, 2006.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Við aðalmeðferð óskaði sækjandi færða til bókar leiðréttingu á ákæru á þann veg að veiðirétturinn hefði ekki verið leigður til 5 ára heldur til 10 ára. Sætti sú leiðrétting engum andmælum og hefur hún ekki skert möguleika ákærðu til málsvarnar og réttlátrar málsmeðferðar.

Ákærðu sóttu bæði þing við þingfestingu málsins, ásamt Arnari Þór Jónssyni hrl. sem var þar skipaður verjandi ákærðu beggja að ósk þeirra. Í þinghaldinu gerði verjandi ákærðu kröfu um frávísun málsins og var kröfu þeirri mótmælt af hálfu ákæruvaldsins. Var málinu þá frestað til málflytningu um frávísunarkröfu. Fór munnlegur málflytningur um frávísunarkröfuna fram þann 14. janúar sl. og var krafan, að honum loknum, tekin til úrskurðar. Var málinu vísað frá dómi með úrskurði uppkveðnum 2. mars 2011. Með dómi, uppkveðnum 14. mars 2011, ómerkti Hæstiréttur úrskurð héraðsdóms og lagði fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar.

Ákærðu komu fyrir dóminn 23. mars 2011 og neituðu bæði sök. Var óskað eftir því af hálfu ákærðu að leggja fram greinargerð og var þá málinu frestað til 14. apríl 2011 og var þá lögð fram greinargerð ákærðu. Málið var aftur tekið fyrir 20. apríl 2011 og var þá málinu frestað til aðalmeðferðar, sem fór fram 16. maí 2011 og var málið að henni lokinni tekið til dóms.

Í málinu gerir ákæruvaldið þær kröfur að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu sakarkostnaðar.

Kröfur ákærðu í málinu eru þær að ákæru í málinu verði vísað frá dómi, en til vara krefjast ákærðu sýknu af öllum kröfum ákæruvalds í málinu. Til þrautavara krefjast ákærðu þess að þeim verði ekki gerð refsing í málinu, en til þrautaþrautavara að þeim verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa. Í öllum tilfellum er krafist hæfilegra málsvarnarlauna auk virðisaukaskatts af málsvarnarlaunum verjanda til handa og að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði, en til vara að sakarkostnaði verði skipt og hann að hluta felldur á ríkissjóð.

Málavextir:

Upphaf máls þessa er það að þann 3. júlí 2010 hafði Drífa Kristjánsdóttir, forsvarsmáður Tungufljótsdeildar Veidifélags Árnesinga, samband við lögreglu og tilkynnti að 3 menn væru að veiðum á austurbakka Tungufljóts undan landi Bergstaða í Biskupstungum, en það væri ekki heimilt þar sem deildin hefði leigt veiðiréttinn út. Veiðivörður væri ekki til taks og því væri leitað til lögreglu. Vegna anna við önnur

mál gat lögregla ekki sinnt þessu með því að fara á vettvang. Daginn eftir, þann 4. júlí 2010, hafði Drífa aftur samband við lögreglu og tilkynnti um 2 menn að veiðum á sama stað og daginn áður. Fór þá lögregla á vettvang og hitti fyrir á veiðum ákærðu í máli þessu og hafði af þeim tal. Tjáði ákærði Ólafur lögreglu þá að hann væri einn af mörgum landeigendum Bergstaða og væri því í fullum rétti til veiða. Skýrði ákærði Ólafur lögreglu frá því að stofnuð hefði verið deild innan Veiðifélags Árnesinga um Tungufljót. Kvað ákærði Ólafur að landeigendur Bergstaða hefðu ekki áhuga á að selja veiðirétt sinn í ánni og að deildin hefði ekki farið að lögum í tilraunum sínum til að stjórna veiði fyrir landi Bergstaða. Væri því veiðiréttur fyrir landi Bergstaða eingöngu hjá landeigendum. Kom fram að ákærði Ólafur fagnaði aðkomu lögreglu og vildi koma því á framfæri að veiðimenn á vegum Lax-Á ehf. stunduðu veiðar fyrir landi Bergstaða þar sem þeim væri óheimilt að veiða og stunduðu það að vaða djúpt og kasta yfir miðlínu. Fór lögregla við svo búíð en ákærðu héldu áfram veiðum.

Drífa Kristjánsdóttir, formaður Tungufljótsdeildar Veiðifélags Árnesinga, gaf lögreglu skýrslu við rannsókn málsins og skýrði hún svo frá að landeigendur Bergstaða hafi frá upphafi verið í Veiðifélagi Árnesinga. Svo hafi verið ákveðið að hafa ákveðna reglusemi varðandi veiðirétt og annað slíkt, en þá hafi Tungufljótsdeild verið stofnuð í júní 2009. Þá hafi samþykktir Tungufljótsdeildar verið samþykktar. Þann 22. janúar 2010 hafi Fiskistofa staðfest stofnun deildarinnar, en það hafi verið eftir kæru landeigenda á Bergstöðum og sex annarra atkvæðisbærra landeigenda á stofnun deildarinnar. Í Tungufljótsdeild séu 26 atkvæði. Í kjölfar þessa hafi deildin farið að vinna samkvæmt lögum og reglum og hafi hún haldið sinn fyrsta aðalfund 12. apríl 2010, en þá hafi verið samþykktur samningur um leigu á Tungufljóti við Tungufljót ehf., sem sé í eigu Lax-Á ehf. Deilurnar varði það að veiðin sé leigð af aðalfundi, en landeigendur á Bergstöðum líti svo á að sú leiga standist ekki. Framsal veiðiréttar landeigenda að Bergstöðum hafi gerst með umræddum leigusamningi, en leigusamningurinn bindi landeigendur að Bergstöðum þar sem þeir tilheyri veiðifélaginu sem sé um veiðiréttinn og meirihluti hafi ráðið því að ráðstöfun veiðiréttarins sé eins og fram komi í samþykkt á aðalfundi 12. apríl 2010. Lýsti Drífa því í skýrslutökunni að hún kærði þann veiðiskap sem hefði verið frá byrjun júní 2010 fyrir landi Bergstaða á þeim forsendum að öðrum en leigutaka Tungufljóts sé óheimil veiði og ráðstöfun á veiðirétti með vísan til samþykta Tungufljótsdeildar.

Í rannsóknargögnum kemur fram að lögregla hafi haft samband við Fiskistofu og þar hafi fengist þær upplýsingar að Fiskistofa hafi ekki úrskurðað um réttarágreining milli Tungufljótsdeildar Veiðifélags Árnesinga annars vegar og landeigenda að Bergstöðum hins vegar varðandi ráðstafanir Tungufljótsdeildarinnar.

Lögregla tók skýrslu gegnum síma af ákærða Ólafi og kom fram hjá honum að hann væri einn fimm landeigenda að Bergstöðum. Frá árinu 1967 hefði fjölskylda hans eignast 20% hlut í jörðinni að Bergstöðum og væri hann sjálfur af 2. kynslóð landeigenda. Landeigendur að Bergstöðum hefðu verið andvígir stofnun Tungufljótsdeildarinnar. Veiddi hann fyrir sínu landi skv. bókun í 11. gr. aðalfundar Veiðifélags Árnesinga fyrir árið 2009. Þrátt fyrir að Fiskistofa hefði staðfest stofnun Tungufljótsdeildarinnar væri málið í höndum Arnars Þórs Jónssonar hdl. og væri í kærumeðferð á stjórnarsýslustigum. Leigusamning sem gerður hefði verið við leigutaka Tungufljóts kvað ákærði Ólafur lögleysu. Í ljósi mótbára um stofnun deildarinnar frá upphafi og réttaróvissu um réttmæti hennar innan Veiðifélags Árnesinga teldi hann sig ekki bundinn af ráðstöfunum deildarinnar. Aukinheldur hefði hvorki hann, né aðrir landeigendur, fengið afrit af umræddum leigusamningi þó eftir því hefði verið leitað. Í kjölfar umræddrar skýrslugjafar ákærða Ólafs í síma krafðist Arnar Þór Jónsson hrl. þess bréflaga fyrir hönd ákærðu beggja að kærinni yrði vísað frá vegna beggja skjólstaðinga hans.

Þá tók lögregla skýrslu af ákærðu Ásu í síma og kannaðist hún við að hafa verið að veiðum á umræddum stað og tíma, ásamt eiginmanni sínum, meðákærða Ólafi, með stöng og spún. Hefðu þau verið fyrir landi Bergstaða og ekki farið út fyrir það veiðisvæði, en þau hjónin ættu hlut í umræddu landi. Staðfesti hún það sem ákærði Ólafur, eiginmaður hennar, hefði látið hafa eftir sér við lögreglu um málið. Hafnaði ákærða því alfarið að hafa verið í óleyfi við veiðarnar enda væri henni frjáls veiði fyrir landi sem fjölskylda hennar ætti að hluta. Óskaði ákærða Ása eftir því að Arnar Þór Jónsson hrl. yrði tilnefndur verjandi hennar við lögreglurannsóknina og var orðið við því. Urðu nokkrar tölvupóstsendingar og bréfaskriftir í framhaldi af þessu.

Í málinu liggur fyrir samþykkt fyrir Veidifélag Árnesinga nr. 991/2008. Kemur þar fram í 1. gr. að heimilt sé að félagið starfi í deildum. Er frá því skýrt í 3. gr. samþykktarinnar að meðal félagsmanna séu skráðir eigendur/ábúendur m.a.

Bergstaða. Í 8. gr. samþykktarinnar kemur fram að rísi ágreiningur um lögmæti ákvörðunar félagsstjórnar eða fundar í félaginu, geti félagsmaður kært ákvörðun til Fiskistofu innan 3 mánaða frá því ákvörðun var tekin. Er þetta í samræmi við 43. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006, en þar kemur jafnframt fram að ákvörðun Fiskistofu skv. greininni verði ekki kærð til ráðherra. Í málinu liggur jafnframt fyrir samþykkt fyrir Tungufljótsdeild Veiðifélags Árnesinga nr. 98/2010 þar sem m.a. kemur fram í 6. gr. að stjórn sjái um allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda, geri samninga um veiðileigu ef aðalfundur vilji ráðstafa veiði á þann hátt. Jafnframt segir í 7. gr. að rísi ágreiningur um lögmæti ákvörðunar félagsstjórnar eða fundar í félaginu geti félagsmaður kært ákvörðunina til Fiskistofu. Kemur jafnframt fram í báðum samþykktum að arði af sameiginlegri veiði skuli skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá.

Fyrir liggja jafnframt fundargerðir aðalfunda Veiðifélags Árnesinga 2008, 2009 og 2010. Kemur fram í fundargerðunum að ágreiningur hafi verið um stofnun Tungufljótsdeildar. Í fundargerð fyrir árið 2009 kemur fram að samþykkt hafi verið að árið 2010 skyldi félagsmönnum Veiðifélags Árnesinga á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár frjálst hverjum fyrir landi sinnar jarðar að veiða silung frá og með 1. apríl og lax frá og með 20. júní til og með 9. ágúst og frá og með 20. ágúst til og með 24. september. Sambærileg ákvæði eru í fundargerðum fyrir 2008 og 2010 fyrir árin á eftir. Í fundargerð aðalfundar Veiðifélags Árnesinga 21. apríl 2009 kemur fram að samþykkt hafi verið stofnun veiðideildar við Tungufljót neðan fossins Faxa, en samkvæmt 1. gr. samþykktar fyrir Veiðifélag Árnesinga nr. 991/2008 er heimilt að félagið starfi í deildum.

Fyrir liggja fundargerðir landeigenda að Tungufljóti 27. nóvember 2008, 26. maí og 30. júní 2009 þar sem samþykkt var að stofna umrædda Tungufljótsdeild og samþykktar voru samþykktir fyrir Tungufljótsdeild. Eru samþykktir Tungufljótsdeildar Veiðifélags Árnesinga nr. 98/2010 meðal gagna málsins. Þá liggur fyrir fundargerð fyrsta aðalfundar Tungufljótsdeildar 12. apríl 2010, en þar kemur fram að stjórnin legði til að eigendur jarða fái að nýta silungsveiði frá 1. apríl – 31. maí 2010. Landeigendur ráðstafi silungsveiði skv. samþykktum Veiðifélags Árnesinga. Tungufljótið verði svo leigt út frá 1. júní – 30. september 2010. Þá kemur fram að með meginþorra atkvæða hafi verið samþykktur samningur sem stjórnin hafi

gert við Tungufljót ehf. með fyrirvara um samþykki aðalfundar. Kemur jafnframt fram að samþykkt hafi verið með meginþorra atkvæða að arður skyldi greiddur út og taka mið af bakkalengd jarða.

Þá liggur fyrir kæra til Fiskistofu og úrskurður Fiskistofu, 19. janúar 2010, þar sem nokkrir landeigendur við Tungufljót, þ. á m. vegna Bergstaða, krefjast þess aðallega að Fiskistofa úrskurði fundi veiðideildar Tungufljóts 26. maí og 30. júní 2009 ólögmeta og felli úr gildi allar ákvarðanir sem þar voru teknar, s.s. samþykkt samþykta veiðideildarinnar, en til vara að Fiskistofa felli úr gildi samþykktir veiðideildarinnar við Tungufljót. Í úrskurði Fiskistofu var framangreindum kröfum hafnað.

Enn liggur fyrir leigusamningur milli Tungufljótsdeildar Veiðifélags Árnesinga sem leigusala og Tungufljóts ehf. sem leigutaka þar sem leigusali leigir leigutaka allan rétt til stangveiða í Tungufljót neðan Faxa í Biskupstungum. Segir að hið leigða veiðisvæði nái frá og með fossinum Faxa til og með ármótum Tungufljóts og Hvítár, ásamt þverám og lækjum sem til Tungufljóts falla. Segir í samningnum að bændadagar verði skv. samkomulagi við stjórn Tungufljótsdeildar og að landeigendur hafi til ráðstöfunar sér að kostnaðarlausu vorveiðina í Tungufljóti sem sé frá 1. apríl til 1. júní ár hvert. Veiðitímabil sem leigutaka sé heimilt að framleigja eða selja veiðileyfi skuli vera árlega frá 1. júní til 10. október að báðum dögum meðtöldum.

Greinargerð ákærðu:

Krafa ákærðu um frávísun:

Ákærðu kveða kröfu sína um frávísun byggða á því að ákæra í málinu sé svo gölluð að ekki verði kveðinn upp dómur í því. Sé háttsemi ákærðu ranglega heimfærð undir a lið 1. mgr. 50. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006, en efnisskilyrði þess ákvæðis séu ekki uppfyllt, enda sé ekki um að ræða miklar sakir, ekki hafi þau verið í leyfisleysi og ekki heldur að veiðum í vatni annars manns.

Vísa ákærðu til þess að til staðar sé óleyst einkaréttarleg deila um veiðiréttindi í Tungufljóti og vafasamt sé hvort stofnun veiðideildar um veiði í Tungufljóti, innan

Veiðifélags Árnesinga, hafi verið lögmæt. Þá séu um það áhöld hvort samþykktir þeirrar veiðideildar séu gildar og þar af leiðandi séu áhöld um lögmæti leigusamnings sem gerður hafi verið við Lax-á ehf. um veiðirétt í Tungufljóti. Á meðan ekki hafi verið endanlega skorið úr um lögmæti þessara þriggja atriða verði því vart slegið föstu, að veiði ákærðu í Tungufljóti, fyrir landi sínu Bergstöðum, í umrætt sinn, hafi verið ólögmæt og refsiverð samkvæmt fyrrgreindu ákvæði laga nr. 61/2006.

Þó svo að Fiskistofa hafi með úrskurði frá 19. janúar 2010 komist að þeirri niðurstöðu að stofnun Tungufljótsdeildar innan Veiðifélags Árnesinga hafi verið lögmæt og að löglega hafi verið boðað til fundar og hafnað því að fella samþykktir deildarinnar úr gildi þá sé úrskurðurinn aðeins endanleg niðurstaða málsins á stjórnarsýslustigi, en það girði ekki fyrir það

að látið verði reyna á réttmæti úrskurðarins fyrir dómstólum.

Vísa ákærðu til þess að af úrskurði Fiskistofu verði dregin sú ályktun að samþykkt Veiðifélags Árnesinga gangi framur samþykktum Tungufljótsdeildarinnar ef fyrrgreindar samþykktir stangist á.

Því verði að líta svo á að fari samþykkt Tungufljótsdeildar, m.a. um ráðstöfun veiði, í bága við það sem segir í samþykkt Veiðifélags Árnesinga um ráðstöfun veiði á því svæði er Veiðifélag Árnesinga tekur til, þá gildi samþykkt Veiðifélags Árnesinga.

Í 13. gr. samþykkt Veiðifélags Árnesinga sé kveðið á um það að verkefni deilda sé að ráðstafa veiði og annast framkvæmdir á starfssvæðum sínum samkvæmt ákvörðun aðalfundar Veiðifélags Árnesinga um veiðifyrirkomulag ár hvert. Ákvörðun Tungufljótsdeildar um ráðstöfun veiði á því svæði er hún tekur til geti því ekki gengið lengra en ákvörðun aðalfundar Veiðifélags Árnesinga um veiðifyrirkomulag ár hvert.

Í samþykkt aðalfundar Veiðifélags Árnesinga, segi m.a. um veiðitilhögun ársins 2010, að félagsmönnum Veiðifélags Árnesinga á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár sé frjálst hverjum fyrir landi sinnar jarðar að veiða silung frá og með 1. apríl og lax frá og með 20. júní til og með 9. ágúst og frá og með 20. ágúst til og með 24. september, en deildir geti þó ákveðið að veiðitími hefjist og honum ljúki síðar innan þeirra marka sem lög um lax- og silungsveiði setja. Sami veiðidagafjöldi á við um deildir sem um

aðra félagsmenn. Ákærðu hafi í umrætt sinn verið að veiðum innan þess tímabils sem skilgreint sé í samþykktinni og því í fullum rétti við veiðar sínar umræddan dag. Með vísan til úrskurðar Fiskistofu telji ákærðu að samþykkt Tungufljótsdeildar um ráðstöfun veiði beri að víkja fyrir samþykkt Veiðifélags Árnesinga hvað þetta varðar og deildinni beri því að framfylgja ákvörðun Veiðifélags Árnesinga um veiðifyrirkomulag sem nákvæmlega sé útlistað í fundargerð veiðifélagsins frá 21. apríl 2009.

Háttsemi ákærðu verði því ekki heimfærð undir a. lið 1. mgr. 50. gr. laga um lax- og silungsveiði. Þar sem uppi sé vafi um réttmæti ráðstöfunar veiðiréttar í Tungufljóti verði að telja að réttmætur vafi sé uppi um hvort háttsemi ákærðu verði við það lagaákvæði sem hún er heimfærð undir í ákæru og því beri að vísa málinu frá.

Varakrafa ákærðu um sýknu:

Krafa ákærðu um sýknu byggir í fyrsta lagi á því að refsheimild sú sem vísað er til í ákæru taki samkvæmt orðanna hljóðan ekki til háttsemi ákærðu. Samkvæmt orðanna hljóðan nái ákvæðið aðeins til þess þegar um sé að ræða miklar sakir en háttsemi ákærðu verði aldrei talin annað en minniháttar brot í skilningi ákvæðisins. Ákærðu hafi heldur ekki verið að veiðum án leyfis heldur hafi þau verið að veiða í samræmi við samþykkt aðalfundar Veiðifélags Árnesinga um veiðitilhögun ársins 2010, þar sem segi að félagsmönnum Veiðifélags Árnesinga á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár sé frjálst, hverjum fyrir landi sinnar jarðar, að veiða silung frá og með 1. apríl og lax frá og með 20. júní til og með 9. ágúst og frá og með 20. ágúst til og með 24. september 2010. Ákærðu hafi verið að veiðum í Tungufljóti fyrir landi sínu að Bergsstöðum á þeim tíma sem heimilt hafi verið samkvæmt fyrrgreindri samþykkt. Ákærðu hafi þannig ekki verið að veiðum í vatni annars manns heldur fyrir eigin landi. Háttsemi ákærðu falli því ekki undir það refsíákvæði sem hún er heimfærð undir í ákæru og beri því að sýkna þau. Þá sé einnig uppi vafi um hvort háttsemi ákærðu sé refsiverð, þar sem ekki hafi verið leyst úr hinum einkaréttarlega ágreiningi um ráðstöfun Tungufljótsdeildar í Veiðifélagi Árnesinga á veiðirétti í Tungufljóti. Þann vafa verði að túlka ákærðu í hag þegar ekki teljist fullsannað að háttsemin sé refsiverð og varði við það ákvæði laga um lax- og silungsveiði sem greinir í ákæru.

Krafa ákærðu um sýknu byggir í öðru lagi á því að ætluð refsiverð háttsemi ákærðu hafi ekki verið framin af ásetningi heldur gáleysi vegna þess að þau hafi talið sig vera í rétti til að veiða fyrir landi sínu á grundvelli fyrrgreindrar samþykktar Veiðifélags Árnesinga um veiðitilhögun á árinu 2010 en jafnframt vegna þess að þau hafi talið að Tungufljótsdeild Veiðifélags Árnesinga væri ekki heimilt að ráðstafa veiði í Tungufljóti á þann hátt sem gert var. Uppi hafi verið ágreiningur, sem raunar sé óútkljáður, um heimild deildarinnar til þeirrar ráðstöfunar veiðiréttar og þann 4. júlí 2010 hafi ekki verið skorið úr þeim ágreiningi hvorki fyrir dómstólum, né hjá Fiskistofu. Benda ákærðu á að ákvörðun Fiskistofu hafi ekki snúið að því hvort ráðstöfun deildarinnar á veiðiréttinum væri samrýmanleg 13. gr. samþykktar Veiðifélags Árnesinga. Samkvæmt 18. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 skuli því aðeins refsa fyrir gáleysisbrot að sérstök heimild sé til þess í lögum, en enga slíka heimild sé að finna í lax- og silungsveiðilögum nr. 61/2006.

Þrautavarakrafa ákærðu um að þeim verði ekki gerð refsing:

Til þrautavara krefjast ákærðu þess að þeim verði ekki gerð refsing verði háttsemi þeirra samt sem áður talin varða við það ákvæði sem ákært er vegna. Benda ákærðu á þær kringumstæður sem séu í málinu, þ.e. óleystan ágreining um heimild Tungufljótsdeildar til ráðstöfunar á veiðirétti í Tungufljóti fyrir landi þeirra, en með þeirri ráðstöfun hafi verið gengið á eignarrétt þeirra og möguleikar þeirra til að nýta eign sína eins og áður hafi verið gert séu rýrðir verulega. Hið ætlaða brot sé ekki stórfellt og ásetningur ekki staðið til þeirrar háttsemi sem ákært er vegna, en ákærðu hafi talið sig vera í fullum rétti til að veiða fyrir landi sínu. Ætlað brot hafi ekki verið framið í auðgunarskygni og ávinningur af hinu meinta broti sé lítill, ef nokkur.

Í greinargerð ákærðu var lýst þrautþrautavarakröfu um að fullnustu refsingar yrði frestað skilorðsbundið, en við munnlegan flutning málsins lýsti verjandi því að hún ætti ekki við ef ákærðu yrði dæmd sektarrefsing vegna þess að sakir teldust ekki miklar. Um rök fyrir kröfunni var vísað til sömu raka og varðandi kröfu um að ákærðu yrði ekki gerð refsing.

Vegna krafna sinna vísa ákærðu til ákvæða lax- og silungsveiðilaga nr. 61/2006 og samþykktar Veiðifélags Árnesinga nr. 991, frá 10. október 2008. Jafnframt til ákvæða laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála og ákvæða almennra hegningarlaga nr.

19/1940. Um sakarkostnað er vísað til 1. mgr. 217. gr. laga nr. 88/2008, um meðferð sakamála.

Framburður ákærðu og vitna fyrir dómi:

Ákærða Ása gaf skýrslu fyrir dómi við aðalmeðferð og skýrði svo frá að hún væri ekki skráður eigandi að Bergstöðum, en eiginmaður hennar væri meðal þinglýstra eigenda. Jörðin sé í sameign fleiri. Ákærða kannaðist við að hafa verið að veiðum á þeim stað og tíma sem lýst er í ákærinni, en hún hafi verið að veiða með stöng og spún. Ekki hafi þau farið út fyrir land Bergstaða. Ekki hafi orðið afli hjá henni þann daginn, en áin hafi gefið af sér fisk gegnum tíðina fyrir þeirra landi. Ákærða kvað sér kunnugt um ákvæði lax- og silungsveiðilaga um skylduaðild að veiðifélögum. Hún hafi talið að vegna samþykktar aðalfundar Veiðifélags Árnesinga 21. apríl 2009 hafi sér verið heimilt að veiða á umræddum stað og tíma. Enginn ásetningur hafi þannig staðið til þess af sinni hálfu að brjóta lög umrætt sinn. Aðeins hafi hún þá heyrt af afspurn að samningur hefði verið gerður um veiðiréttinn í Tungufljóti, en hún og maður hennar hafi ekki fengið að sjá þann samning fyrr en löngu síðar og því ekki vitað hvers efnis hann væri. Lögreglumenn hafi komið á vettvang og verið kurteisir. Ekki mundi ákærða hverjar spurningar þeirra hefðu verið en samskiptin hafi verið vandræðalaus. Þeir hafi kynnt tilefni afskipta þeirra.

Ákærði Ólafur gaf skýrslu fyrir dóminum við aðalmeðferð og skýrði svo frá að hann hafi verið að veiðum á þeim stað og tíma sem lýst er í ákæru. Lögregla hafi komið á staðinn og verið kurteis og kynnt erindi sitt og ætlað brot þeirra hjóna. Kvaðst ákærði vera einn eigenda Bergstaða og væri eignarhlutur hans einn fimmtándi jarðarinnar. Ákærði kvað sér kunnugt um skyldu samkvæmt lögum til að vera í veiðifélagi, enda væru þau í Veiðifélagi Árnesinga. Aldrei hafi komið fram í fundarboði frá Veiðifélagi Árnesinga að til standi að starfa í deildum, en þess vegna finnst sér Tungufljótsdeildin ekki koma sér við. Kvaðst ákærði hafa sótt aðalfundi í Veiðifélagi Árnesinga árin 2009 til 2011. Á aðalfundinum 2009 hafi stofnun Tungufljótsdeildar verið rædd og hún sé mjög sérkennileg. Atkvæði hafi verið greidd og hafi stofnun deildarinnar verið samþykkt með 18 atkvæðum á móti 5. Ákærði hafi verið á fundinum og Vilhjálmur Einarsson hafi jafnframt verið á fundinum og farið með atkvæði Bergstaða. Deildina

telji ákærði þess vegna ekki vera lögformlega stofnaða. Deildin sé háð samþykktum veiðifélagsins og geti aldrei tekið yfir samþykktir þess eða gert neitt sem gengur gegn eða er víðtækara en samþykktir veiðifélags Árnesinga. Stjórn Veiðifélags Árnesinga hafi ekki viljað taka afstöðu til deilunnar eða úrskurða neitt í henni. Ákærði hafi ávallt verið andvígur stofnun Tungufljótsdeildar og hafi m.a. kært hana til Fiskistofu, sem hafi úrskurðað að Tungufljótsdeildin sé löglega stofnuð, en ýmislegt sé við þann úrskurð að athuga. Ekki hafi ákærði haft uppi formleg viðbrögð við úrskurðinum og ekki hafi verið krafist ógildingar hans fyrir dómstólum, þó rætt hafi verið meðal eigenda Bergstaða að höfða dómsmál vegna þessa. Ekki hafi hann haft samráð við Tungufljótsdeild eða stjórn hennar um veiðarnar, enda hafi hann ekki talið ástæðu til þess. Ákærði og aðrir landeigendur á Bergstöðum hafi haft mikinn ama af veiðimönnum sem kaupi veiðileyfi af Lax Á ehf., en þeir veiði af bakkanum hinu megin, en ákærði og aðrir landeigendur á Bergstöðum hafi reynt að stugga þeim burtu enda séu þeir í óleyfi. Þá hafi formanni Tungufljótsdeildar verið sent bréf vegna þessa. Tungufljótsdeildin hafi ekki farið að lögum í ýmsu tilliti, m.a. með því að ganga gegn samþykktum Veiðifélags Árnesinga um að landeigendur geti veitt hver fyrir sínu landi. Þá sé leigusamningur um stangveiði til 10 ára í andstöðu við samþykktir Veiðifélags Árnesinga, nema tekið sé fram í fundarboði að það standi til en slíks hafi ekki verið getið í fundarboði. Þá hafi sama svæði áður verið leigt út til ársins 2017 af hálfu veiðifélagsins Faxe, en ekki hafi verið skorið úr um gildi þess samnings. Með því að ráðstafa veiði til annarra en félagsmanna án þess að slíks sé getið í fundarboði, hafi Tungufljótsdeild gengið gegn samþykktum. Þá hafi formaður Tungufljótsdeildar starfað of lengi miðað við reglur veiðifélagsins. Þá sé starfsemi deildarinnar ekki í samræmi við lög þar sem hún hafi ekki verið samþykkt með tilskildum fjölda atkvæða. Stjórn Tungufljótsdeildar hafi ekki verið kosin á lögsmætan hátt, þar sem deildin hafi ekki verið stofnuð á lögsmætan hátt. Ekki kvað ákærði arðskrá vera til um Tungufljót og hefði hann engar greiðslur fengið og vissi ekki til að aðrir eigendur á Bergstöðum hefðu fengið slíkar greiðslur. Ekki hafi hann leitað eftir greiðslum við Tungufljótsdeildina. Ekki hefði ákærði leitað eftir upplýsingum um það hver hluti Bergstaða væri í greiðslum samkvæmt samningi eða arðskrá. Hafi Bergstaðir engar tekjur haft af veiði og aldrei hafi verið selt þar veiðileyfi. Þar hafi eigendur og börn stundað veiði. Lax hafi alltaf veiðst í Tungufljóti en áður en sleppingar hófust hafi það ekki verið í miklum mæli, en verið hvítárlax sem hafi tekið ranga stefnu við ármót í Tungufljót. Áður en sleppingar hófust hafi mest verið um að

ræða bleikjuveiði en jafnframt hafi veiðst einn og einn lax. Eftir að sleppingar hófust hafi bleikju fækkað mjög en lax veiðist þar hins vegar í meiri mæli núna og hafi veiðst fyrir landi Bergstaða sumarið 2010 milli 200 og 300 laxar á stöng. Aukningin verði rakin til sleppinga enda sé hvítárlaxinn auðþekktur frá laxinum sem sleppt hafi verið í ána. Sleppingar hafi hafist árið 2004 og hafi Lax Á ehf. staðið fyrir þeim og gert síðan á hverju ári. Ekki hafi landeigendur á Bergstöðum tekið nokkurn þátt í kostnaði vegna sleppinga. Tungufljót ehf. sé dótturfélag Lax Á ehf. og sé leigutaki árinna. Aukin veiði sé þannig rakin til sleppinga á vegum leigutakans. Fiskiræktun eða sleppingar séu hins vegar bara á færi Veiðifélags Árnesinga.

Vitnið Drífa Kristjánsdóttir formaður Tungufljótsdeildar Veiðifélags Árnesinga gaf skýrslu fyrir dóminum við aðalmeðferð og skýrði frá því að aðdraganda þess að Tungufljótsdeild hafi verið stofnuð megi rekja aftur til ársins 2002 eða 2003, þegar áhugamenn hafi farið að skoða það ásamt Árna Baldurssyni hvort unnt væri að rækta lax í fljótinu, en þá hafi ekki verið lax í ánni. Haft hafi verið samband við Gauk Jörundsson þáverandi formann Veiðifélags Árnesinga, sem hafi aðstoðað við að fá seiði til tilrauna. Strax hafi orðið mikill árangur. Árið 2004 hafi verið reynt að búa til félagsskap um þetta, en það hafi ekki lukkast og hafi Fiskistofa úrskurðað að sú stofnun væri ekki gild. Þá hafi verið látið kyrrt liggja en áfram hafi veiðst og eflst lax í fljótinu og árið 2008 hafi veiðst 2.800 laxar í fljótinu. Þá hafi landeigendur neðan fossins Faxe séð að þeir yrðu að hafa einhvern löggiltan félagsskap um þetta. Leitað hafi verið ráða hjá stjórn Veiðifélags Árnesinga sem hafi bent á og lagt til að landeigendur neðan Faxe myndu stofna deild innan veiðifélagsins. Hafi vitnið gengið í það í nóvember 2008 að kalla saman landeigendur og leita eftir afstöðu þeirra til þess að stofna deild. Til þess þyrfti leyfi veiðifélagsins. Hafi verið samþykkt í lok nóvember 2008 að óska leyfis til að stofna deild. Heimild til að stofna deild hafi verið samþykkt á aðalfundi Veiðifélags Árnesinga. Í júní 2009 hafi vitnið kallað saman fund til að stofna deildina, en ekki hafi þá náðst tilskilinn fjöldi atkvæða til að samþykkja samþykktir deildarinnar. Aftur hafi verið kallaður saman fundur í júlí og hafi þá náðst tilskilið hlutfall atkvæða og samþykktir samþykktar með 2/3 hlutum atkvæða. Þar með hafi vitnið litið svo á að Tungufljótsdeild hafi verið stofnuð. Slíka stofnun hafi mátt kæra og vitað hafi verið að kæra hafi komið fram til Fiskistofu og því hafi verið ákveðið að byrja ekki að starfa eins og deild fyrr en sýnt væri hvernig kærinni reiddi af. Fiskistofa hafi svo úrskurðað um kærana í janúar 2010 og talið

stofnun deildarinnar lögmæta. Þá fyrst hafi verið farið að vinna eins og deild. Árni Baldursson hafi verið nálægur með Tungufljót ehf. og hann hafi viljað gera samning við deildina um leigu á fljótinu. Á fyrsta aðalfundi deildarinnar hafi verið samþykktur samningur við Árna, eða raunar Tungufljót ehf. Um athugasemdir ákærðu um að Tungufljótsdeild væri ekki löglega stofnuð kvaðst vitnið vísa til úrskurðar Fiskistofu, sem segði annað. Tók vitnið fram að hún hefði vandað sig sérstaklega við stofnun deildarinnar til að hún myndi örugglega verða lögleg. Ekki mundi vitnið til þess að athugasemdir hefðu komið fram um það á fundum að fundir væru ólöglega boðaðir og slíkt væri ekki að sjá í fundargerðum. Samskipti ákærðu og Tungufljótsdeildar hefðu verið þannig að ákærðu hefðu fengið sér lögmann til að kæra stofnun deildarinnar. Ekki hefðu komið bréf eða kröfugerðir frá Bergstaðaeigendum til Tungufljótsdeildar. Veidifélag Árnesinga hefði ekki gert neinar athugasemdir við deildina eða stofnun hennar, en Tungufljótsdeild hafi starfað í samráði við Veidifélag Árnesinga. Á fundum hafi komið fram reiðilestrar af hálfu Bergstaðaeigenda. Vitnið hafi á aðalfundi kynnt rækilega samninginn við Tungufljót ehf. en hafi neitað að afhenda hann enda hafi hann verið viðskiptalegs eðlis. Ekki kvað vitnið hafa verið gerða arðskrá fyrir deildina. Vitnið hafi gert um það tillögu á fyrsta fundi að greitt yrði til að byrja með samkvæmt bakkalengd, en arðskrá hafi verið kærð. Hafi verið greiddar 4 milljónir inn á bankareikning. Verið sé að leggja drög að því að gera arðskrá. Þegar arðskrá hafi verið gerð verði það greitt út, en sér hafi verið sagt að gerð arðskrár kunni að vera kostnaðarsöm og tímafrek. Greiðslu að fjárhæð 10 milljónir króna þann 15. maí 2011 hafi verið frestað um eitt ár að ósk leigutaka vegna spjalla sem orðið hafi á starfsemi hans vegna þessara deilna. Sé því óljóst, vegna skemmdastarfsemi, hvenær landeigendur muni fá greitt samkvæmt arðskrá og raunar um framvindu þessa alls. Ekki kvaðst vitnið geta sagt til um það hvers landeigendur á Bergstöðum og þá sérstaklega ákærðu mættu vænta eða hefðu mátt vænta af greiðslum, en verðmæt veiðisvæði væru fyrir því landi. Hafi verið talið að verðmæti veiðiréttarins fyrir Bergstöðum væru mikil. Um það að á aðalfundi Veidifélags Árnesinga hafi verið samþykkt að landeigendur mættu veiða sér að meinalausu á tilteknum tímum, bar vitnið að með því að deildin hafi verið stofnuð þá færi hún með ráðstöfunarrétt gagnvart veiðinni. Samþykktir Tungufljótsdeildar vísi til samþykktar Veidifélags Árnesinga. Ef Tungufljótsdeild tæki enga ákvörðun, eða ógilda, myndu samþykktir Veidifélags Árnesinga væntanlega gilda, en vitnið kvaðst hins vegar líta svo á að ákvarðanir Tungufljótsdeildar standist. Vitnið bar að hennar ráðgjafar hefðu sagt sér

að venjulegt væri og heimilt að gera samning við Tungufljót ehf. til 10 ára í senn, þrátt fyrir að í samþykktum Veðifélags Árnesinga væri kveðið á um það að veiði yrði aðeins framseld til eins árs í senn. Hefði þetta verið borið undir Árna Ísaksson hjá Fiskistofu og hafi hann verið sérstakur ráðgjafi hennar í þessum efnum. Kvaðst vitnið kannast við að óformlegt samráð eða samningur hafi verið gerður um Tungufljót neðan Faxa árið 2003, en ekki vissi vitnið frekar um það og hefði vitnið ekki kannað það frekar áður en gengið hafi verið frá samningi við Tungufljót ehf. Um samning Tungufljótsdeildar við Tungufljót ehf. kvað vitnið að ekki hefði verið aflað samþykkis Veðifélags Árnesinga ár hvert, þó slíkt væri áskilið í samningnum, en það hefði verið tekið fram í samningnum til þess að aðgerðir Tungufljótsdeildar myndu ekki stangast á við samþykktir Veðifélags Árnesinga. Meðan svo væri ekki væri samningurinn samþykktur. Samþykki Veðifélagsins væri í gangi meðan ekki væru gerðar athugasemdir. Samningurinn hefði verið kynntur Veðifélagi Árnesinga, en ekki gat vitnið svarað því hvort slíks væri getið í fundargerðum Veðifélags Árnesinga. Aðalfundarsamþykkt Tungufljótsdeildarinnar hafi farið til Veðifélags Árnesinga, en þar hafi verið getið um téðan samning. Hafi engar athugasemdir komið frá Veðifélagi Árnesinga, en ekki hafi verið beðið sérstaklega um formlegt samþykki. Kvaðst vitnið telja nægilegt samþykki liggja fyrir meðan Veðifélagi Árnesinga væri kunnugt um samninginn og ekki kæmu fram athugasemdir.

Vitnið Guðmundur Þórir Steinþórsson fyrrverandi lögreglumaður bar um það fyrir dóminum í síma við aðalmeðferð að hann hefði tekið vitnaskýrslu af Drífu Kristjánsdóttur við rannsókn málsins og hafi hann gætt við hana réttta ákvæða og brýnt fyrir henni skyldur vitnis, þó láðst hafi að geta þess í skýrslunni. Staðfesti vitnið vinnu sína við rannsókn málsins að öðru leyti. Taldi vitnið að einkaréttarlegur ágreiningur hafi ekki skýrst til fulls við rannsóknina þar sem báðir aðilar hefðu talið sig vera í rétti.

Vitnið Frímann Birgir Baldursson lögreglumaður bar fyrir dóminum við aðalmeðferð að hafa tekið við símtölum á lögreglustöð vegna málsins. Fyrri daginn hafi lögregla ekki getað farið á staðinn vegna anna, en seinni daginn hafi lögregla farið á staðinn til að afla upplýsinga um málið. Sér hafi fremur sýnst vera um að ræða einkaréttarlega deilu en sakamál, en hann hafi aflað gagna fyrir lögreglustjóra eða löglærðan fulltrúa

hans. Ekki hafi verið um að ræða formlega sakamálsrannsókn í upphafi, en frekar upplýsinga- og gagnaöflun.

Vitnið Björn Emil Jónsson lögreglumaður bar um það fyrir dóminum við aðalmeðferð að hafa farið á vettvang að Bergstöðum við Tungufljót 4. júlí 2010 til upplýsingaöflunar vegna kvartana um ólöglega veiði. Hafi hann þar hitt ákærðu sem hafi sagst vera landeigendur og hafi þau verið að veiðum fyrir landi Bergstaða. Hafi þau fagnað komu hans. Hafi hann ekki kynnt þeim réttindi sakamanna, enda hafi honum aðeins verið falið að kanna hvort verið væri að veiðum og þá hverjir það væru. Hafi þau hins vegar kvartað yfir veiðimönnum á hinum bakkanum sem köstuðu færi sínu yfir miðlínu árinna.

Vitnið Þorgrímur Óli Sigurðsson lögreglumaður bar fyrir dóminum við aðalmeðferð að hann hefði hringt í ákærðu Ásu og tekið af henni óformlega skýrslu skv. heimild í sakamálalögum og reglugerð þar að lútandi. Hann hefði kynnt sakarefnið og réttindi sakbornings, m.a. að hún þyrfti ekki að svara spurningum og að fá verjanda tilnefndan. Hefði ákærða talið sig í fullum rétti að veiða sem landeigandi. Hefði hann gert skýrsluna samkvæmt reglum. Vitnið kannaðist við að hafa óskað eftir upplýsingum frá Fiskistofu um þann ágreining sem uppi væri í málinu. Þá hafi hann óskað eftir því við Drífu Kristjánsdóttur að fá afrit af leigusamningi, en ekki fengið. Ekki hafi verið gerð önnur tilraun til að fá leigusamninginn. Vitnið staðfesti vinnu sína við rannsókn málsins.

Vitnið Jón Óttar Karlsson kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og bar um það að hann hafi verið staddur við Bergstaði 4. júlí 2010 við veiðileiðsögu með útlendinga. Þar hafi líka verið aðrir veiðimenn sem ekki hafi verið á hans vegum og hafi það verið ákærðu.

Vitnið Guðmundur Garðar Brynjólfsson kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og bar að hann hafi verið staddur við Bergstaði 4. júlí 2010 og hafi verið við leiðsögn fyrir útlenda veiðimenn. Aðrir veiðimenn hafi verið þar að veiðum hinu megin árinna. Ekki hafi hann greint hverjir það voru og endurþekkti vitnið ekki ákærðu í dómsalnum. Hafi hinir erlendu veiðimenn verið óánægðir með að aðrir veiðimenn

skyldu vera að veiðum á veiðisvæðinu. Hafi tekið mikinn tíma fyrir þá leiðsögumennina að útskýra þetta fyrir hinum erlendu veiðimönnum.

Vitnið Guðmundur Þorvaldsson kom fyrir dóminn við aðalmeðferð. Kvaðst vitnið vera fyrrverandi formaður Veiðifélags Árnesinga og hafi verið formaður þess félags á árinu 2009. Hafi stjórninni borist erindi frá undirbúningsnefnd að stofnun Tungufljótsdeildar þar sem óskað hafi verið eftir að það yrði tekið fyrir á aðalfundi að stofna Tungufljótsdeild. Hafi það farið í fundarboð fyrir aðalfundinn 2009. Hafi aðalfundurinn samþykkt stofnun Tungufljótsdeildar. Við því hafi komið fram mótmæli, frávísunar- og breytingatillögur og komi það fram í fundargerð. Samþykktir aðalfundar um að eigendur geti veitt sjálfir fyrir eigin landi fyrir árið 2010 séu skv. hefðbundnum tillögum stjórnarinnar um að menn ráðstafi sjálfir veiði fyrir eigin landi. Þegar deild sé stofnuð megi gera ráð fyrir að menn komi sér saman um ráðstöfun veiði. Veiðifélagið sjálft hafi ekki afskipti af ráðstöfun veiðinnar svo fremi hún sé innan þeirra tímamarka sem Veiðifélagið hafi ákveðið. Kvaðst vitnið telja að þegar deild hafi verið stofnuð þá fari hún með ráðstöfun veiðinnar, innan þeirra tímamarka sem Veiðifélag Árnesinga setur. Deildin geti þó byrjað seinna og endað fyrr en Veiðifélagið hafi ákveðið í sínum samþykktum. Vegna skylduáðildar að veiðifélagi geti veiðifélagið tekið bindandi ákvarðanir sem félagsmenn verði að hlíta þó þeir kunni að vera ósáttir við þær. Á svæði Veiðifélags Árnesinga geti enginn ráðstafað veiðirétti nema félagið sjálft. Ákvarðanir einstakra landeigenda víki þá fyrir ákvörðunum veiðifélagsins. Vitnið kvað hafa borist kvartanir til Veiðifélags Árnesinga vegna Tungufljótsdeildar. Meginregla stjórnar Veiðifélagsins sé hins vegar sú að skipta sér ekki af deilum milli einstakra félagsmanna. Veiðifélag Árnesinga hafi ekki gert athugasemdir við stofnun Tungufljótsdeildar. Kvaðst vitnið telja að reglur Veiðifélags Árnesinga sem móðurfélags gangi framur reglum Tungufljótsdeildar. Meginreglan sé sú að landeigendur ráðstafi veiðiréttinum, en deildir geti þó ráðstafað veiðinni á annan veg. Þar sem ekki séu deildir ráðstafi landeigendur veiði hver fyrir sínu landi. Auk Tungufljótsdeildar sé aðeins ein önnur deild innan Veiðifélags Árnesinga og það sé áratugagömul deild um Stóru Laxá og sú deild hafi ráðstafað veiði þar, innan þeirra marka sem Veiðifélag Árnesinga hafi sett og hafi enginn ágreiningur verið um það. Veiðifélag Árnesinga hafi ekki ráðstafað veiði til annarra en félagsmanna síðustu áratugi og hafi því ekki reynt á að geta slíks í fundarboði. Kvaðst vitnið telja að það ákvæði í samþykktum Veiðifélags Árnesinga að

landeigendur ráðstafi veiði hver fyrir sínu landi hafi ekkert gildi þegar deild hafi verið stofnuð sem hafi ráðstafað veiðiréttinum. Ákvæðið eigi aðeins við um það þegar deild hafi ekki verið stofnuð og sé það skilningur stjórnar Veiðifélagsins að þannig víki réttur landeigenda til að veiða fyrir sínu landi þegar Veiðifélagið eða deild innan þess hafi ráðstafað veiðiréttinum.

Vitnið Árni Baldursson kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og skýrði frá því að hann væri fyrirvarsmaður Tungufljóts ehf., sem sé félag sem hafi verið stofnað í kringum leigu á Tungufljóti í kringum árið 2004. Strax í upphafi hafi verið gerður samningur sem hafi verið ófullkominn að því leyti að þá hafi verið til Veiðifélagið Faxi sem hafi verið ofan fossins Faxe og hluti fyrir neðan hafi tilheyrt Veiðifélagi Árnesinga. Síðan fyrir um tveimur árum hafi verið stofnuð lögleg deild, en Tungufljót ehf. hafi verið stofnað til að leigja fljótið. Eldri samningur sé í gildi fyrir fljótið ofan Faxe, en nýr samningur hafi verið gerður sem gildi um fljótið neðan Faxe og það sé samningurinn við Tungufljótsdeild. Samningurinn hafi verið gerður í apríl 2010 og með honum hafi verið útrýmt fyrri samningi að því leyti sem þeir nái til sama svæðis. Engir samningar hafi verið gerðir við einstaka landeigendur. Kvaðst vitnið hafa staðið að ræktun árinna allt frá árinu 2004. Upphaflegur klakfiskur hafi komið frá Veiðifélagi Árnesinga, en svo hafi tekist að gera það með því að fanga fisk af stofni árinna. Undanfarin ár hafi verið sleppt í ána 50.000 – 70.000 gönguseiðum auk smáseiða. Árangur hafi orðið mikill af þessu og hafi síðustu ár veiðst frá 900 til 2.800 laxar bókaðir á vesturbakkanum, en ekki kvaðst vitnið vita hve mikið hefði veiðst hinu megin því það hefði ekki fengist upp gefið en kvaðst vitnið telja að það hefðu verið ámóta tölur, enda hafi verið þar ráðstafað 4 stöngum alla daga. Auk þess sé aðeins veitt á flugu vestan megin, en hinum megin sé jafnframt notaður spúnn og maður. Heildarveiðitölur séu því óþekktar. Langstærstur hluti laxins veiðist á þeim hluta árinna sem Bergstaðir eigi land að. Tungufljót ehf. hafi staðið fyrir sleppingunum og heildar kostnaður við þær sé um 22 milljónir króna á ári. Hafi Bergstaðaeigendur ekki tekið þátt í neinum kostnaði vegna sleppinga og annars. Auk þess hafi verið lagt í mikla fyrirhöfn og kostnað til að búa til laxveiðiá úr Tungufljóti og kynna hana fyrir veiðimönnum. Veiðimenn á hans vegum hafi orðið fyrir ýmsum hremmingum frá fólki á vesturbakkanum á landi Bergstaða. Símar á skrifstofu hans hafi verið rauðglóandi vegna kvartana frá óánægðum veiðimönnum. Í raun sé verkefnið um Tungufljót hrunið vegna þessa. Hins vegar hefði hann átt mjög góð samskipti við

Tungufljótsdeild og hlutlaus samskipti við Veiðifélag Árneseinga, sem hafi ekki tekið afstöðu í deilunni.

Vitnið Árni Ísaksson forstöðumaður lax- og silungsveiðisviðs Fiskistofu kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og bar um það að hann teldi að samþykktir Tungufljótsdeildar brytu ekki á neinn hátt gegn samþykktum Veiðifélags Árneseinga. Skyld sé mönnum að stofna veiðifélög og eftir atvikum deildir til að skipta með sér arði og kostnaði. Tilgangur veiðifélags sé að samnýta viðkomandi auðlind. Teldi hann að eftir að Tungufljótsdeild sé samþykkt hafi deildin ráðstöfunarréttinn á veiðinni og félagsmenn séu bundnir af því. Væri það afstaða Fiskistofu að ekkert í samþykktum Tungufljótsdeildar gangi gegn samþykktum Veiðifélags Árneseinga og lögum um lax og silungsveiði. Hafi Fiskistofa sent samþykktirnar til birtingar í Stjórnartíðindum. Fiskistofa hafi úrskurðað, eftir kæru, að stofnun Tungufljótsdeildar væri í lagi. Slíkur úrskurður sé endanlegur á stjórnsýslustigi. Engin formleg viðbrögð hafi komið frá kærendum eftir að úrskurður hafi gengið. Vitnið kvað arðskrá vera aðferð til að skipta hagnaði þegar á væri leigð út. Arðskrá geti félagsmenn samið sjálfir ef þeir koma sér saman um það, en svo sé unnt að vísa því til matsnefndar sem skili svo arðskránni til veiðifélagsins sem þurfi að greiða fyrir gerð arðskrárinnar. Mjög sé algengt að atbeina matsnefndar þurfi til, enda sjaldnast sem menn komi sér saman um hvernig arðskráin skuli vera.

Vitnið Björn Jónsson starfsmaður Fiskistofu kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og skýrði frá því að mat Fiskistofu hafi verið það að réttilega hafi verið staðið að stofnun Tungufljótsdeildar sem deildar í Veiðifélagi Árneseinga. Kannaðist vitnið við að hafa undirritað ákvörðun Fiskistofu í málinu. Sérákvæði samþykktar deildarinnar gangi framur almennum ákvæðum Veiðifélagsins samkvæmt skilningi Fiskistofu. Skylduaðild að veiðifélagi nái jafnframt til skylduaðildar að viðkomandi deild í viðkomandi veiðifélagi. Ekki þekkti vitnið til annarra deilna af sambærilegum toga sem hefðu komið á borð Fiskistofu. Ekki kvaðst vitnið geta farið að túlka ákvörðun Fiskistofu eftir á og vísaði til ákvörðunarinnar sjálfrar.

Vitnið Kjartan Helgason kom fyrir dóminn við aðalmeðferð og skýrði svo frá að hann hefði verið lengi í stjórn Veiðifélags Árneseinga og varaformaður þess síðustu ár og væri nú varaformaður. Kvaðst vitnið hafa verið á aðalfundi Veiðifélags Árneseinga

þegar samþykkt hafi verið stofnun Tungufljótsdeildar. Hafi þess verið getið í fundarboði að tillaga um stofnun deildarinnar yrði á dagskrá. Ekki kannaðist vitnið við að leitað hefði verið sérstaks samþykkis Veiðifélags Árneseinga fyrir leigusamningi milli Tungufljótsdeildar og Tungufljóts ehf., en formaður Veiðifélags Árneseinga, Jörundur Gauksson, muni þó hafa fengið afrit af samningnum og látið stjórnarmenn hafa, en formlega hafi hann ekki borist veiðifélaginu til samþykktar. Vitnið taldi samninginn ekki myndu verða samþykktan af hálfu stjórnar veiðifélagsins þar sem í honum væru ákvæði í 4. gr. sem væru í andstöðu við ákvörðun veiðifélagsins um veiðitíma. Ekki hefði þó stjórn Veidifélags Árneseinga fjallað efnislega um samninginn og hefði ekki ályktað um hann. Að öðru leyti væri margt mjög gott í samningnum. Ekki taldi vitnið að samningar deildar veiðiréttarhafa í Stóru Laxá hefðu nokkurn tíma borist Veiðifélagi Árneseinga til samþykktar. Vitnið taldi vafasamt af hálfu Tungufljótsdeildar að ráðstafa veiði fyrir árið 2010 á þeim tíma sem gert var, þar sem þá hefðu ýmsir veiðiréttarhafar getað verið búnir að ráðstafa veiði fyrir sínu landi samkvæmt heimildum í samþykkt aðalfundar Veiðifélags Árneseinga, að teknu tilliti til þess að vitað hafi verið að ágreiningur væri uppi. Vitnið taldi að á aðalfundi Veiðifélags Árneseinga hafi verið samþykkt að heimila stofnun Tungufljótsdeildar, sem hafi svo verið stofnuð á sérfundum síðar, en deildin hafi ekki verið stofnuð á aðalfundi Veiðifélags Árneseinga.

Vitnið Jörundur Gauksson, formaður Veiðifélags Árneseinga, bar fyrir dóminum við aðalmeðferð í síma að hann hefði nánast ekki haft afskipti af Tungufljótsdeild, en þó heyrt af deilunni og fengið einhverja tölvupósta frá aðilum. Hefði stjórn veiðifélagsins fundað með báðum málsaðilum. Fundur hafi verið haldinn í stjórn Veiðifélags Árneseinga almennt um deiluna, en stjórnin, sem og vitnið sjálf, hafi þá reglu að taka ekki afstöðu í deilum sem skorið sé úr á öðrum vettvangi en í veiðifélaginu sjálfu. Vitnið kannaðist við athugasemdir um að Tungufljótsdeild væri ekki réttilega stofnuð og hafi stjórnin fengið erindi frá Fiskistofu þar sem beðið hafi verið um athugasemdir um deiluefnið, en stjórnin hafi ekki tekið afstöðu til deilunnar. Eftir að ákvörðun Fiskistofu varð ljós hafi málið ekki komið á sitt borð að öðru leyti en því að upplýsa um hver væri veiðieftirlitsmaður á svæðinu. Ekki kvað vitnið stjórn Veiðifélags Árneseinga hafa fjallað um leigusamning milli Tungufljótsdeildar og Tungufljóts ehf., en vitnið hafi fengið hann sendan á tölvupósti fyrir síðasta aðalfund í Veiðifélagi Árneseinga, en samningurinn hafi ekki sendur veiðifélaginu formlega til

samþykkis. Ekki hafi verið tekin afstaða gegn samningnum og kvaðst vitnið ekki vita hvort aðrir stjórnarmenn hefðu séð samninginn. Vitnið kvaðst hafa verið formaður veiðifélagsins þegar ákveðið hafi verið á fundi að nýta heimild í samþykktum félagsins til að heimila stofnun Tungufljótsdeildar. Vitnið skýrði frá því að stjórn veiðifélagsins hefði farið þess á leit við Tungufljótsdeild að fella úr samþykktum sínum að deildin fari með fiskrækt því það standist ekki, en ekki hefðu verið gerðar aðrar athugasemdir við samþykktir deildarinnar.

Niðurstaða:

Vegna frávísunarkröfu ákærðu er þess fyrst að geta að með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 14. mars 2011 var ómerktur úrskurður héraðsdóms um frávísun málsins og lagt fyrir dóminn að taka málið til efnismeðferðar. Var úrskurður héraðsdóms byggður á því að rannsókn málsins hefði verið ófullnægjandi hvað varðaði skýrslutökur af ákærðu. Verður málinu ekki vísað frá nú á þeim grundvelli. Óhjákvæmilegt þykir hins vegar að fjalla um aðrar málsástæður sem ákærðu hafa fært fram til stuðnings frávísunarkröfu sinni, sem ekki hafa fengið úrlausn áður.

Frávísunarkröfu sína byggja ákærðu á því að ágalli sé á ákæru í málinu. Um það hvort ákærðu hafi með háttsemi sinni gerst sek um brot gegn a lið 1. mgr. 50. gr. laga um lax- og silungsveiði verður leyst úr í efnisdómi. Ekki kemur til álita að mati dómsins að vísa ákæru frá á þeim grundvelli að heimfærsla meints brots ákærðu í málinu sé röng, en þess er að geta að skv. 1. mgr. 180. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 getur dómari dæmt eftir öðrum refsíákvæðum en vísað er til í ákæru þó svo að ekki verði dæmt fyrir aðra háttsemi en þar er lýst og ekki aðrar kröfur en greinir í ákæru. Það hvort sakir teljist vera miklar er að mati dómsins ekki skilyrði málshöfðunar, heldur er það skilyrði þess að dæmd verði fangelsisrefsing fyrir brot gegn umræddu ákvæði. Það hvort um er að ræða vatn annars manns í skilningi umrædds ákvæðis, eða hvort ákærðu hafi verið án leyfis, er að mati dómsins nokkuð sem ber að kanna við efnisúrlausn málsins þegar leyst er úr því hvort ákærðu hafi gerst sek um refsiverða háttsemi, en ljóst er að ákæruvaldið byggir á því í málinu að veiðiréttinum hafi verið ráðstafað til annars aðila á bindandi hátt. Verður ákæru ekki vísað frá af þessum sökum.

Ákærðu hafa jafnframt vísað til þess að uppi sé einkaréttarlegur ágreiningur í málinu um veiðiréttindi í Tungufljóti og meðan ekki hafi verið skorið úr honum verði því vart slegið föstu að háttsemi ákærðu hafi verið ólögmat og refsiverð samkvæmt því ákvæði sem ákært er fyrir brot á. Upplýst var við rannsókn málsins að einkaréttarlegur ágreiningur hafi verið fyrir hendi og var aflað um þetta gagna. Ekki er það hins vegar hlutverk lögreglu og ákærvalds að skera úr slíkum ágreiningi, en tilvist ágreiningsins girðir ekki fyrir að ákæra geti verið réttilega útgefin enda sé það mat ákærvalds að refsiverð háttsemi hafi átt sér stað hvað sem einkaréttarlegum ágreiningi líður. Þá er þess að geta að þegar ákærðu voru á veiðum og allt til þess að ákæra var gefin út í málinu var sá einkaréttarlegi ágreiningur sem ákærðu vísa til, ekki í neinum farvegi. Lokið var kærumeðferð á stjórnáslustigi og ekki hafði verið höfðað dómsmál, en þannig var hinn einkaréttarlegi ágreiningur sem svo er kallaður fyrst og fremst fólgin í óánægju ákærðu með tilvist og ákvarðanir Tungufljótsdeildarinnar. Girðir sú óánægja ekki fyrir útgáfu ákæru í málinu. Það hvort ákærðu hafi verið að veiðum í góðri trú eða hvort þeim hafi verið heimilt að veiða getur aðeins verið málsástæða vegna sýknukröfu, en leiðir að mati dómsins ekki til þess að ákæru verði vísað frá dómi.

Þá hafa ákærðu vísað til þess að í samþykkt aðalfundar Veiðifélags Árnesinga árið 2009 hafi verið samþykkt að landeigendur mættu veiða hver fyrir landi sinnar jarðar á þeim tíma sem ákærðu voru að veiðum, en ákvarðanir Tungufljótsdeildar geti ekki ómerkt þetta. Mat dómsins er það að þetta geti ekki leitt til frávísunar málsins, enda varðar þetta aðeins það álitaefni hvort háttsemi ákærðu hafi verið refsiverð eða refsilaus.

Að þessu virtu, sem og því að Hæstiréttur hefur hafnað því að málinu verði vísað frá og lagt fyrir héraðsdóm að taka málið til efnismeðferðar, verður því frávísunarkröfum ákærðu hafnað.

Í máli þessu er óumdeilt að ákærði Ólafur er meðal landeigenda á Bergstöðum og fylgir veiðiréttur í Tungufljóti jörðinni. Liggur fyrir að Tungufljót er á svæði Veiðifélags Árnesinga og eru ákærðu í því. Er jafnframt óumdeilt í málinu að ákærðu bæði voru að veiðum fyrir landi Bergstaða á þeim stað og tíma sem greinir í ákæru. Hafa þau bæði játað háttsemina, en játning þeirra er jafnframt studd framburði vitna.

Eru því veiðar ákærðu sem lýst er í ákæru óumdeildar. Ákærðu bera það hins vegar fyrir sig að þau hafi verið í fullum rétti sem landeigendur að veiða fyrir sínu landi, enda hafi stofnun Tungufljótsdeildar verið lögleysa sem og sá samningur sem Tungufljótsdeild gerði við Tungufljót ehf. Vísa ákærðu til samþykktar aðalfundar Veiðifélags Árnesinga fyrir árið 2010 af þessu tilefni, en samkvæmt henni þá var þeim veiðin heimil.

Í 1. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006 er kveðið á um það að mönnum sé skylt að hafa með sér félagsskap um skipulag veiði í hverju fiskihverfi, en í d lið 1. mgr. 37. gr. segir að hlutverk slíks veiðifélags sé m.a. að ráðstafa rétti til stangveiði í fiskihverfi í heild eða að hluta. Er óumdeilt að ákærðu eru í Veiðifélagi Árnesinga á grundvelli þessa ákvæðis og að Tungufljót er á svæði þess félags. Kemur skylduáðildin jafnframt fram t.a.m. í 5. mgr. 37. gr. laganna. Eru ákvarðanir veiðifélags bindandi fyrir félagsmenn, þ.e. veiðiréttarhafana, sbr. t.d. 4. mgr. 37. gr. laganna. Í 4. mgr. 39. gr. laga nr. 61/2006 er kveðið á um að heimilt sé að ákveða að félag skuli starfa í deildum, enda taki hver deild yfir tiltekið veiðivatn eða hluta vatns. Segir jafnframt að þá ráðstafi hver deild veiði í sínu umdæmi með þeim skilyrðum sem aðalfundur félagsins setur. Að mati dómsins styðst þetta við augljós efnisleg rök sem helgast af eðli straumvatns, og raunar líka stöðuvatns, sem fiskur syndir í án tillits til þess fyrir hvaða landi hann syndir hverju sinni.

Í máli þessu er óumdeilt að á aðalfundi Veiðifélags Árnesinga var heimilað að stofna deild um Tungufljót neðan fossins Faxa. Er jafnframt óumdeilt að deildin var stofnuð, en ákærðu telja að ranglega hafi verið að því staðið og sé Tungufljótsdeild og tilvist hennar því markleysa. Fyrir liggur að til Fiskistofu voru kærðar ákvarðanir og samþykktir Tungufljótsdeildar. Voru landeigendur að Bergstöðum meðal kæranda. Voru kröfur kæranda aðallega þær að Fiskistofa úrskurðaði fundi Tungufljótsdeildar 26. maí og 30. júní 2009 ólögmetta og felldi úr gildi allar ákvarðanir sem þar voru teknar, s.s. samþykkt samþykkt veiðideildarinnar. Til vara var þess krafist að Fiskistofa felldi úr gildi samþykktir Tungufljótsdeildar. Með ákvörðun sinni, dagsettri 19. janúar 2010, hafnaði Fiskistofa öllum kröfum kæranda. Samkvæmt 3. mgr. 43. gr. laga nr. 61/2006 verður ákvörðun Fiskistofu ekki skotið til æðra stjórnvalds og er hún því endanleg afgreiðsla málsins á stjórnarsýslustigi. Upplýst er að ekki hafi verið höfðað dómsmál til ógildingar ákvörðunar Fiskistofu, eða annað dómsmál þar sem

vefengdar væru ákvarðanir eða tilvist Tungufljótsdeildarinnar eða samningur deildarinnar við Tungufljót ehf., en bollaleggingar ákærðu og annarra landeigenda á Bergstöðum um málshöfðun þykja engu breyta. Þá er þess að geta að 7. mgr. 39. gr. laga nr. 61/2006 er kveðið á um það að sá sem vefengja vill lögmæti stofnaðs veiðifélags geti borið ágreining þar að lútandi undir dómstóla innan sex mánaða frá stofnfundi, en Tungufljótsdeild var stofnuð á árinu 2009 og hefur ekki komið fram að ágreiningur um stofnun deildarinnar hafi verið borin undir dómstóla innan lögmæltis tíma.

Hvorki Veiðifélag Árnesinga, né Tungufljótsdeild félagsins, eru aðilar að þessu dómsmáli. Er það utan viðfangsefnis þessa dómsmáls að fjalla um það á grundvelli stjórnsýsluréttar og félagaréttar hvort Tungufljótsdeild hafi verið réttilega stofnuð og hvort samþykktir deildarinnar séu lögum samkvæmar. Þannig getur það t.a.m. ekki haft áhrif á niðurstöðu þessa dómsmáls að ekki hafi verið leitað formlegs samþykkis Veiðifélags Árnesinga um leigusamning milli Tungufljótsdeildar og Tungufljóts ehf., sem verjandi gerði að umtalsefni við í munnlegum málflutningi aðalmeðferð, en raunar liggur ekkert fyrir um formkröfur um hvernig þess samþykkis verði leitað. Þá er það sömuleiðis utan viðfangsefnis þessa dómsmáls að fjalla efnislega um ákvörðun Fiskistofu í málinu, enda hvorki Fiskistofa né Tungufljótsdeild og Veiðifélag Árnesinga aðilar þessa dómsmáls og aðeins hluti kæranda í stjórnsýslumálinu aðilar þessa dómsmáls. Verður því gengið út frá því að Tungufljótsdeild sé réttilega stofnuð og ákvarðanir hennar löglegar og byggt á ákvörðun Fiskistofu um það efni. Hið sama er að segja um samning þann sem Tungufljótsdeild gerði við Tungufljót ehf., en hvorugur aðila samningsins er aðili að þessu dómsmáli.

Ákærðu krefjast sýknu þar eð ákvæði a liðar 1. mgr. 50. gr. laga nr. 61/2006 nái ekki til háttseminnar, enda sé þar áskilið að sakir séu miklar. Á þetta verður ekki fallist. Áskilnaðurinn um miklar sakir vísar að mati dómsins aðeins til þess að sakir verði að vera miklar til að unnt sé að beita fangelsisrefsingu fyrir brot, en að önnur brot varði þá sektum.

Ákærðu krefjast enn fremur sýknu þar eð þau hafi ekki verið að veiðum án leyfis, enda hafi þau verið að veiðum í samræmi við samþykkt aðalfundar Veiðifélags Árnesinga. Það er álit dómsins að þegar veiðifélag, eða deild innan veiðifélags, hefur

ráðstafað veiði eins og um ræðir í þessu máli, þá upphefji það rétt landeigenda til að veiða hver fyrir sínu landi, enda væri ráðstöfun veiði ella markleysa. Það er ljóst að unnt er og heimilt að skilja stangveiðirétt frá fasteign um tiltekinn tíma, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 61/2006. Í slíkri ráðstöfun felst tímabundið afsal veiðiréttarins. Segir jafnframt í nefndu ákvæði að sé ekki á annan veg samið þá felist jafnframt í slíkri ráðstöfun afsal veiðiréttarhafa á rétti til annarrar veiði en stangveiði á hinu umsamda tímabili. Er því vafalaust að unnt er að ráðstafa veiðirétti fasteignar á þann veg að eigandi fasteignarinnar hafi ekki veiðiréttinn meðan sú ráðstöfun er í gildi. Að ofan var því lýst að mat dómsins væri það að stofnun og ráðstafanir Tungufljótsdeildar sættu ekki endurskoðun dómsins og væru lögmætar, en ljóst er, sbr. það sem áður segir um ákvæði 37. gr. laga nr. 61/2006, að ákvarðanir Tungufljótsdeildar eru bindandi fyrir ákærðu sem félagsmenn í Veiðifélagi Árnesinga og Tungufljótsdeild þess. Hafði þannig veiðiréttinum verið afsalað til Tungufljóts ehf. með bindandi hætti og máttu ákærðu ekki veiða án leyfis veiðiréttarhafans Tungufljóts ehf.

Ákærðu krefjast sýknu þar sem þau hafi ekki verið að veiðum í vatni annars manns og þannig nái tilvitnað ákvæði ekki til háttsemi þeirra, enda ákærði Ólafur eigandi að Bergstöðum og þau bæði að veiðum samkvæmt því. Að mati dómsins er þetta haldlaust. Telja verður að á meðan Tungufljót ehf. er leigutaki veiðiréttarins þá hafi veiðiréttinum verið afsalað frá ákærðu í málinu og þannig falli Tungufljót fyrir landi Bergstaða undir hugtakið „vatn annars manns“ gagnvart ákærðu á meðan leigutíminn varir, jafnt og ákærðu hefðu sjálf í eigin nafni leigt frá sér veiðiréttinn, eða jafnvel jörðina, enda engar undantekningar í leigusamningnum sem ákærðu geta byggt á rétt til veiða umrætt sinn. Má í þessu efni vísa til samanburðar til 6. kapitula Landsleigubálks Jónsbókar.

Ákærðu krefjast sýknu þar eð ekki hafi verið skorið úr margnefndum einkaréttarlegum ágreiningi. Á þetta verður heldur ekki fallist. Þvert á móti hefur á stjórnslustigi verið skorið úr hinum einkaréttarlega ágreiningi og hafa ákærðu engan reka gert að því að fá þeirri niðurstöðu hnekkst eða nýtt sér neinar aðrar heimildir laga til að láta reyna á ætlaðan rétt sinn gagnvart Tungufljótsdeild, stofnun hennar, samþykktum og ákvörðunum. Hafi refsíabyrgð stofnast getur það ekki leyst ákærðu undan henni að þau telji að ranglega hafi verið staðið að stofnun og ráðstöfunum Tungufljótsdeildarinnar.

Ákærðu krefjast sýknu þar sem ætluð refsiverð háttsemi þeirra hafi ekki verið framin af ásetningi heldur gáleysi, þar sem þau hafi talið sig vera í fullum rétti til veiða. Á þetta verður heldur ekki fallist. Ekki verður talið að ákærðu hafi verið í gáleysi að veiðum. Háttsemin sjálf felur ekki í sér gáleysi. Það verður ekki talið til gáleysis að ákærðu hafi talið sig vera í rétti, enda var þeim fullkunnugt að Tungufljótsdeild hefði verið stofnuð og þau vissu jafnframt að veiðirétturinn hefði verið leigður út. Breytir engu að þau hafi ekki séð sjálfan leigusamninginn þegar háttsemin átti sér stað. Huglæg afstaða ákærðu til þess hvort háttsemin var refsiverð eða ekki, á þeim grundvelli sem þau byggja á, getur ekki talist til gáleysis, ekki fremur en vanþekking á réttarreglum, sem getur ekki leitt til sýknu.

Það er þannig mat dómsins að háttsemi ákærðu, sem er játuð, varði við og sé refsiverð samkvæmt a lið 1. mgr. 50. gr. laga nr 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Ákærðu krefjast þess að ef háttsemi þeirra verði talin refsiverð þá verði þeim ekki gerð refsing vegna þeirra kringumstæðna sem séu uppi í málinu. Vísa þau til óleysts ágreinings um heimild Tungufljótsdeildar til að ráðstafa veiðirétti fyrir landi þeirra, en með því sé gengið á eignarrétt þeirra og möguleikar þeirra til nýtingar eignarinnar séu skertir verulega. Ætlað brot sé ekki stórfelkt, ásetningur hafi ekki staðið til háttseminnar heldur hafi þau talið sig vera í fullum rétti við veiðar fyrir sínu landi. Þá sé ætlað brot ekki framið í auðgunarskygni og ávinningur af hinu ætlaða broti sé lítill ef nokkur. Áður hefur verið fjallað um hinn svokallaða óleysta ágreining, en þegar hefur verið leyst úr honum á stjórnarsýslustigi og hafa ákærðu ekki gert reka að því að höfða dómsmál til ógildingar á stofnun og ákvörðunum Tungufljótsdeildar, sem verður þá að telja að standi á meðan. Verður ekki talið að 3. tl. 1. mgr. 74. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 eigi við um háttsemi ákærðu enda þeim ljóst sem veiðiréttareigendum og landeigendum að Tungufljótsdeild hefði verið stofnuð og að veiðiréttinum hefði verið ráðstafað. Þykja önnur ákvæði ekki koma til álita. Þá er það mat dómsins að ekki hafi verið gengið á eignarrétt ákærðu, eða ákærða Ólafs, með þeirri ráðstöfun Tungufljótsdeildar að leigja Tungufljóti ehf. veiðiréttinn, enda það gert samkvæmt lagaákvæðum um veiðifélög og skyldi koma gjald fyrir samkvæmt ákvæðum um arðskrá í 41. gr. laga nr. 61/2006. Er óumdeilt í málinu að ákærði Ólafur er eftir sem áður eigandi veiðiréttar fyrir landi sínu og hefur hann því ekki verið

sviptur þeim eignarrétti. Gegnir sama máli um þá skerðingu sem veiðiréttarhafar verða fyrir gagnvart möguleikum á að nýta eign sína sjálfir, að það getur ekki réttlætt þá háttsemi sem ákærðu hafa orðið uppvís að, enda leiðir það af skyldu til að vera í veiðifélagi að veiðiréttarhafar verði að hlíta ákvörðunum veiðifélags, sbr. t.d. 4. mgr. 37. gr. laga nr. 61/2006. Ber jafnframt að líta til þess að ákvæðin um arðskrá leiða til þess að fullt gjald komi fyrir það óhagræði að geta ekki veitt sjálfur fyrir sínu landi eftir að hafa orðið undir í atkvæðagreiðslu um ráðstöfun veiðiréttar. Áður hefur verið fjallað um það mat dómsins að brot ákærðu hafi ekki verið framið af gáleysi, en skoðun þeirra á Tungufljótsdeild og ætluðum rétti sínum samkvæmt samþykktum aðalfundar Veiðifélags Árnesinga getur ekki orðið til þess að brot ákærðu verði metið þeim til gáleysis. Ekkert liggur hins vegar fyrir um að brotið hafi verið framið í auðgunarskyni eða að af því hafi orðið fjárhagslegur ávinningur, en hvorugt er hins vegar skilyrði þess að refsing verði dæmd. Þá telst brot ákærðu ekki stórfellt, en það verður aðeins til þess að refsingin fer ekki fram úr sektum, en hefur hins vegar ekki þau áhrif að refsing falli niður.

Ber því að dæma bæði ákærðu til refsingar. Við ákvörðun refsingar er tekið tillit til þess að samkvæmt framlögðum sakavottorðum hefur hvorugt ákærðu áður sætt refsingu, til þess að þau frömdu brot sitt í sameiningu, sbr. 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sem og til ákvæða 1. mgr. 70. gr. sömu laga. Við ákvörðun refsingar er hins vegar ekki unnt að taka sérstakt tillit til þess að ákærðu kunni að hafa veitt í leyfisleysi í önnur skipti en þau sem ákært er fyrir og ekki heldur til þess að allmikið af laxi hafi veiðst fyrir landi þeirra eins og fram kom við aðalmeðferð, enda þau aðeins ákærð fyrir að vera að veiðum í eitt tiltekið sinn og þá án þess að að afla sé getið. Á sama hátt er ekki unnt að líta sérstaklega til þess við ákvörðun refsingar að viðskipti Tungufljótsdeildar og Tungufljóts ehf. kunni að hafa skaðast vegna afstöðu ákærðu, enda er það utan ákæruefnis þessa máls. Þykir hæfileg refsing fyrir hvort ákærðu fésekt að fjárhæð kr. 20.000, sem greiðist innan 4 vikna frá birtingu dómsins, að viðlagðri 2 daga fangelsisrefsingu.

Að fenginni þessari niðurstöðu ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar sbr. 1. mgr. 218. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008, en engin efni eru til þess að hluti sakarkostnaðar verði lagður á ríkissjóð. Ekki er um að ræða annan sakarkostnað vegna málsins en málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu beggja og

þykja málsvarnarlaun hans hæfilega ákveðin kr. 600.000 og hefur þá verið tekið tillit til aksturs og virðisaukaskatts. Samkvæmt 1. mgr. 219 gr. síðastnefndra laga ber ákærðu að greiða málsvarnarlaunin óskipt.

Sigurður G. Gíslason héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærði Ólafur J. Bjarnason greiði 20.000 kr. fésekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella fangelsi í 2 daga.

Ákærða Ása Einarsdóttir greiði 20.000 kr. fésekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dómsins, en sæti ella fangelsi í 2 daga.

Ákærðu greiði óskipt málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnars Þórs Jónssonar hrl., kr. 600.000.

Sigurður G. Gíslason